MENNING

Grýttur vegur nefnist sýning sem verður opnuð í Ásmundarsafni í dag á vatnslitamyndum sem Bernd Koberling listamaður vann í Loðmundarfirði í fyrra. **Einar Falur Ingólfsson** hlustaði á Koberling segja frá átökunum við verkin í eyðifirðinum.

Náttúran hefur áhrif á sálarlífið og myndverkin

„FYRSTU verkin sem ég geri í Loðmundarfirði á hverju sumri eru yfirleitt mjög ómeðvituð," segir þýski listamaðurinn Bernd Koberling þar sem hann stendur í skeifubyggingu Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara í Ásmundarsafni, og fylgist með upphengingu 80 stórra vatnslitamynda sem hann vann í Loðmundarfirði í fyrra. Sýning á verkunum verður opnuð klukkan 17 í dag en í Loðmundarfirði hefur hann eytt lunganum af hverju sumri og hausti í nær því 30 ár.

„Á hverju ári vinn ég úti á sama stað, í sama móanum í dalnum, og alltaf þegar ég kem er hann ólíkur því hvernig hann var árið á undan. Auðvitað er hann eins við fyrstu sýn, en ég horfi dýpra og sum árin eru grjótin dekkri því þá rignir mikið, nú í ár var blóðbergið svo yfirþyrmandi að ég hef aldrei séð annað eins; fjólublá sprenging! Á hverju ári breytist jafnvægið í gróðrinum. Stundum eru gul blóm allsráðandi; eitt ár var mjög mikið af bláberjum, himinninn grár og jörðin blá.

Í hvert sinn, þegar ég kem beint frá Berlín í dalinn, er náttúruupplifunin yfirþyrmandi og hefur áhrif á verkin, jafnhliða hinum formrænu sýnum sem ég flyt með mér.

Það var furðulegt þegar frysti fyrst í haust. Ég var í þessum fjólublåa heimi og skyndilega urðu laufin appelsínugul og rauð. Magn litanna var yfirþyrmandi. Þetta hefur áhrif á sálarlífið og myndverkin."

Sýningin í Ásmundarsafni kallast Grýttur vegur. Hingað kemur sýningin frá sal Deutsche Bank í Köln í Þýskalandi en fyrst var hún sett upp í Nordiska Akvarellmuseet í Skärhamn í Svíþjóð, sem Bera Nordal veitir forstöðu.

Mánuðina sem Koberling vinnur eystra, einbeitir hann sér að vatnslitaverkum; skapar stórar myndraðir, sem eru honum iðulega innblástur fyrir átök við stærri myndverk í vinnustofunni í Þýskalandi á veturna.

Nú er hann nýkominn til Reykjavíkur eftir að hafa dvalið einn um skeið í vetrarköldum firðinum. Hann hefur komið sex splunkunýjum verkum fyrir í Gallerí i8 við Klapparstíginn – úr þeirri röð hefur hann einnig valið 30 sem verða í nýrri bók sem kemur út í vor með ljóðum eftir Sjón – og er að leggja lokahönd á upphengingu þessara 80 verka, í tveimur þéttum röðum, á bogalöguðum vegg safnsins.

Eins og djassleikari

„Ég sé þessi verk sem eins konar sjónræna dagbók og þess vegna er gott að geta haldið þeim saman, í nokkurn veginn réttri tímaröð," segir Koberling og rennir augum eftir myndunum, sem eru oft leikandi léttar í flæðandi vatnslitunum en aðrar merktar átökum enda unnar úti meðal náttúruaflanna.

„Hér sjást ólíkar fagurfræðilegar birtingarmyndir, sem koma ekki til vegna þess að ég stökkvi til á meðvitaðan hátt, heldur eru sum verkanna í sterkari tengslum við hinn sýnilega heim en önnur, því ég vinn bara að þeim utandyra. Stundum verða önnur meira „konseptúal" þegar ég vinn bara að þeim inni," en Koberling hefur breytt gömlu hesthúsi í firðinum í vinnustofu. „Samt eiga þessi verk að standa saman. Sama vitundin er að baki þeim. Stundum fer ég út með verk sem ég hef að mestu unnið inni og sú upplifun breytir þeim alveg. En á þessum langa tíma sem ég eyði eystra á hverju ári, gerist eitthvað innra með mér og verkin leiða smám saman að einhverri niðurstöðu sem hefði ekki getað birst mér á fyrstu vikum dvalarinnar.

Maður getur sett lokaverkin nærri þeim fyrstu sem maður gerir í röðinni en þótt myndir númer tíu og sextíu passi saman við fyrstu sýn, því í þeim er álíkur rauður tónn, þá eiga þær samt ekki saman. Listin er ekki bara hönnun, listin hefur miklu sterkari innri þörf. Þessar seríur vatnslitaverka byggja á ákveðnum spuna – stundum líki ég vinnu minni við tónlist og þegar ég vinn þessi verk er ég eins og djassleikari sem styðst ekki við skrifaðar nótur."



Morgunblaðið/Einar Falur

„Listin er ekki bara hönnun, listin hefur miklu sterkari innri þörf," segir Bernd Koberling sem er hér við verkin í Ásmundarsafni.

Þegar Koberling vinnur úti í Loðmundarfirði, er hann oft með nokkrar arkir úti í móanum og vinnur í þær á sama tíma; síðan velur hann þau verk sem eru að ganga upp og vinnur þau áfram. „Draumurinn er einföldun," segir hann, „ég elska niðurskurðinn og einfaldleikann, en maður skapar ekki reglu án óreiðunnar, hún fylgir alltaf."

Hann segist oft telja dagana sem hann á eftir í firðinum þegar á líður, óttast að hann nái ekki að uppfylla þá sýn á heiminn sem er að mótast innra með honum og í myndröðinni. „Ég þarf langan tíma í firðinum til að sjúga í mig andrúmsloftið og vinna og vinna áður en hugmyndirnar innra með mér ná að brjótast fram og sameinast upplifuninni; áður en það sem flýtur fyrir augum mínum blandast því sem ég sé.

Það er ekki þannig að ég fari bara í Loðmundarfjörð og verði fyrir upplifunum. Nei, upplifunin sem ég verð fyrir verður að blandast hugmyndunum sem ég flyt með mér.

Þetta er sambland þess sem ég sé og þess sem örvar mig og hvetur. Ég get síðan ekki komið hugmyndunum frá mér átakalaust, heldur verð að þróa útkomuna með myndröðinni."

Á sunnudaginn kemur, 30. október kl. 15, tekur Bernd Koberling þátt í leiðsögn um sýninguna í Ásmundarsafni.

